

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjald A á Suðureyri.

1. gr.

Gjaldstuðlar til A-gjalds:

Einbýlishús rúmmál allt að 550 m ³	7.0%
Einbýlishús rúmmál umfram 550 m ³	10.0%
Tvíbýlishús 2 hæðir	4.5%
Þrívýlishús 3 hæðir	4.0%
Fjölbýlishús	1.8%
Par-, rað- og keðjuhús 1 hæð	6.0%
Par-, rað- og keðjuhús 2 hæðir	4.5%
Stallahús	5.0%
Verslunar- og skrifstofuhús	8.0%
Skemmubyggingar 1 hæð	3.0%
Annað atvinnuhúsnæði	2.5%

Af kjöllurum, jarðhæðum og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnureksturs svo og bifreiðageymslum skulu gjöld samkvæmt 1. mgr. vera 50% af gjaldstuðli viðkomandi húss.

2. gr.**Gjaldeining og vísitöluákvæði.**

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu miðuð við byggingarkostnað „vísitöluhússins“ og er sá kostnaður kr. 21 193.00 per. rúmmetra miðað við vísitölu 119 stig 1. okt. 1976.

Sveitarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. 1. mgr. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

3. gr.**Um gjalddaga og gjaldfrest.**

Sveitarstjórn setur reglur um gjalddaga við hverja úthlutun lóða og tekur ákvörðun um gjaldfrest.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Suðureyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.*Skúli Sigurðsson.*